



## Lesskilningur án bóka

Námskeið fyrir alla kennara fimmtudaginn 23. mars kl.  
14:30-16:00

Á námskeiðinu verður fjallað um hvernig hægt er að vinna með bókmenntir á lifandi og skapandi hátt. Þátttakendur vinna með gefinn texta og skapa persónulega stemningu þar sem þeir túlka textann á sinn hátt, setja sig inn í aðstæður og endursegja frásögnina út frá eigin tilfinningum og skilningi. Þátttakendur vinna í iPöðum. Þeir sækja lesefnið í appið Showbie, sækja síðan myndir af netinu, taka ljósmyndir og skeyta þeim saman í appi sem heitir Adobe Photoshop Mix. Myndirnar nota þátttakendur síðan til að búa til myndband þar sem þeir endursegja frásögnina og gera að sinni. Þar nota þátttakendur app að nafni Adobe Spark Video. Ef tími gefst til sýna þátttakendur afrakstur vinnunnar í lok námskeiðsins og skila í Showbie.

Markmiðið er að gefa þátttakendum tækifæri til að kynnast öðrum leiðum til náms og tjáningar en þeim sem hafa verið nýttar fram að þessu. Með ofangreindum hætti gefst möguleiki á að virkja nemendur t.d. til leiklistar, til framsagnar og þar af leiðandi skapandi vinnu um leið og þeir vinna með texta og lesskilning. Þess má líka geta að verkefnið krefst engra námsbóka, ekki eru unnið með glósubók, blýant eða annað sem tilheyrir venjulegri kennslustund. Nóg er að mæta með bros á vör og opinn hug. Gerð er krafa á að þátttakendur hafi sótt sér öppin [Showbie](#), [Adobe Photoshop Mix](#) og [Adobe Spark Video](#) ásamt því að þátttakendur hafi skráð sig inn í Adobe forritin (skráð inn Adobe ID). Námskeiðið byggist því á samblandi af kennslufræði, kynningu á öppum og virkni þátttakenda.

Námskeið fimmtudaginn 6. apríl kl. 15:00-16:00.

Hver kennari velur eitt af þessum þremur námskeiðum



### Námskeið 1. Leið til innlagnar

Á námskeiðinu verður farið í hvernig byggja má upp kennslustund, þ.e. að leggja inn verkefni þar sem tækið nýtist til náms, menntunar og kennslu. Byggt verður á þáttum eins og kveikju, heimildaöflun og námsmati.

Kennarar fara í gegnum ferlið og vinna verkefni. Þannig eru meiri líkur á að námið skili sér og einhver frækorn sitji eftir. Kennara vinna því kynningu sem byggir á notkun forrits að eigin vali (t.d. Keynote, Adobe Spark Video eða iMovie).

Kennari: Eyþór Bjarki Sigurbjörnsson




### Google Classroom - rafræn kennslustofa

Á námskeiðinu verður kynning á helstu verkfærum í Google Apps for Education með sérstakri áherslu á [Google Classroom](#) sem er rafræn kennslustofa þar sem kennarar setja upp viðfangsefni af ýmsu tagi fyrir nemendur sína.

Farið verður í uppsetningu viðfangsefna í rafrænu kennslustofunni út frá kennaranum, skráningu nemenda inn í kennslustofuna, helstu þætti í virkni bæði á svæðum nemenda og kennara, verkefnaskil nemenda, yfirferð kennara og námsmat.

Þátttakendum gefst tækifæri til að æfa sig í að búa til viðfangsefni í Classroom og skoða virkni svæðisins út frá eigin þörfum.

Kennari: Kristín Gunnarsdóttir



### Stafræn borgaravitund – Kennsluhugmyndir

- Hvenær tekur maður mynd og hvenær tekur maður ekki mynd?
- Eru allir samfélagsmiðlar slæmir fyrir nemendur og skólastarf?
- Ég má það því ég get það! Mega nemendur og kennarar nota allt það efni sem þeir finna á netinu?

Ekki er til einföld svör við þessum spurningum en þátttakendur ræða þessi álitamál sem snjalltækin hafa vakið ásamt ýmsum fleirum og ræða hvernig best er að [vinna þetta með nemendum](#).

Kennari: Sigurður Haukur Gíslason